

Fréttabréf Vlf.Suðurlands


Desember 2006

Ábyrgðarmaður: Már Guðnason
Hönnun: Guðrún Elín



Kjaramál

Þann 1.júlí sl gekk í gildi samkomulag milli ASÍ og SA um lágmarkshækkun launa. Það felur í sér að allir kauptaxtar kjarasamninga ASÍ og SA hækka um 15.000 kr eða 5,5% launahækkun m.v. síðustu 12 mánuði. Þeir sem hafa verið á launum sem eru meira en 15.000 kr yfir töxtum (sem giltu til 30/6) í kjarasamningum SA og ASÍ eiga ekki rétt á hækkun samkvæmt þessu. Hins vegar eiga þeir sem starfað hafa hjá sama atvinnurekanda frá því í júní 2005 að hækka um 5,5% á tímabilinu. Það þýðir að þeir sem fengu 2,5% hækkun um áramótin eiga fá það sem uppá vantar til viðbótar frá 1.júlí sl.



Dæmi 1: m.v. lágmarkstaxta voru mánaðarlaun þann 30.jún 2006 108.000 kr en verða 123.000 kr þann 1.júlí eða 12,2% hækkun.

Dæmi 2: mánaðarlaun voru á árinu 2005 170.000 kr, hækka 1.jan 2005 um 2,5% eða í 174.250 kr, hækka svo 1.júlí í 179.355 kr eða um 5,5% á tímabilinu.

Félagið hvetur félagsmenn sína að hafa samband við skrifstofuna ef þeir telja að þessi launahækkun hafi ekki skilað sér til þeirra.

Lögfræðipjónusta fyrir félags- menn



Verkalýðsfélagið minnir félagsmenn sína á lögfræðipjónustu í boði félagsins.

Einu sinni í mánuði gefst félagsmönnum kostur á viðtali við lögmann sér að kostnaðarlausu. Viðtalstímarnir eru í 30 mín og er fyrsti tíminn frá 10:30 til 11:00 og seinasti frá 12:00-12:30.

Við lögmann má bera hvert það álitæfni sem félagsmenn vilja bera undir lögmanninn, t.d. um kaup og kjör eða réttindi á vinnustað, sifjamál, stofnun eða slit hjúskapar, erfðarétt, skuldabréfamál, fasteignamál og flr. Við hvetjum alla sem hafa einhverjar spurningar að nýta sér þessa þjónustu.

Næstu viðtalstímar verða sem hér segir:

- Þriðjudaginn 30.janúar 2007
- Þriðjudaginn 27.febrúar 2007
- Þriðjudaginn 27.mars 2007
- Þriðjudaginn 24.apríl 2007
- Þriðjudaginn 22.maí 2007

Tímapantanir í síma 487-5000

Desemberuppbót 2006

Misjafnt er eftir samningum hvenær skuli vera búið að greiða uppbótina. Fyrir starfsfólk á almennum vinnu-
markaði skal vera búið að greiða de-
seemberuppbótina í seinasta lagi
15.desember. Starfsfólk hjá Ríkinu og
Sveitarfélögum skulu fá greidda sína
uppbót 1.desember.

Samningur SGS og SA

*Almenni samningurinn, iðnverkafólk og
þjónusta.*

Starfsmenn sem hafa verið í fullu starfi
allt árið í sama fyrirtækinu í síðustu
viku í nóvember eða í fyrstu viku í
desember ár hvert fá greidda sérstaka
eingreiðslu, desemberuppbót. Starfsfólk
í hlutastarfi fær greitt hlutfallslega sem
og starfsfólk með skemmri starfstíma
en 45 vikur .

Desemberuppbót er föst tala og tekur
ekki launabreytingum skv. öðrum ák-
væðum.

Uppbótin 2006 er 40.700 kr

Samningur SGS við ríkissjóð

Starfsfólk hjá ríkinu.

Starfsmaður sem er við störf í fyrstu
viku nóvember skal fá greidda de-
seemberuppbót þann 1.desember ár hvert.
Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi eða
unnið hluta úr ári, skal hann fá greitt
miðað við starfshlutfall.

Uppbótin 2006 er 40.700 kr

Samningur SGS og LN

Starfsfólk hjá sveitarfélögum.

Starfsfólk í fullu starfi fær greidda
persónuuppbót 1.desember ár hvert
sem nemur 44,5% af desemberlaunum í
113 lfl.5.prepi, skv launatöflu. Hafi starf-
smaður gegnt hlutastarfi eða starfað
hluta úr ári, skal hann fá greitt miðað
við starfshlutfall og/eða starfstíma, þó
þannig að hann hafi starfað samfellt
a.m.k frá 1.september það ár.

Uppbótin 2006 er 59.728 kr

Fæðingarorlof



Um greiðslu desember- og orlofsuppbótar í
fæðingarorlofi í samningi [SGS og SA](#) segir: við
útreikning desemberuppbótarinnar skal ekki
draga frá starfstíma barnsburðarleyfi
skv.gildandi lögum.

Í samningi [SGS við Ríkið](#) segir; láti
starfsmaður af starfi eða sé frá störfum vegna
veikinda eða fæðingarorlofs í allt að
6 mánuði skal hann fá greitt miðað við starfs-
hlutfall.

Í samningi [SGS og LN](#) segir; starfsmaður
launagreiðanda sem er í fæðingarorlofi nýtur
réttinda til greiðslu sumarorlofs,

*Við erum líka á
veraldavefnum*

www.vlfs.is



Til hamingju með afmælið

Þann 1. desember varð Verkalýðsfélag Suðurlands 5 ára.

Margt skemmtilegt og lærdómsríkt hefur á daga okkar drifið þessi ár, m.a. gerð nýrra kjarasamninga og fleira.

Sumarið 2004 tókum við í notkun nýtt orlofshús í Árnassýslu og er það mjög vel nýtt, nánast allar helgar yfir vetrarmánuðina eru í útleigu sem og allar vikur yfir sumarið.

Í bígerð er að kaupa íbúð í Reykjavík sem verður til útleigu fyrir félagsmenn.

Sú nýbreytni var að sameiginlegt trúnaðarmannanámskeið var haldið á Flúðum ásamt Bárunni, Selfossi og Verslunarmanna-félagi Suðurlands. Þetta námskeið þótti takast einkar vel og voru þátttakendur mjög ánægðir.

Til hamingju með afmælið félagsmenn.

Launahækkun 1. janúar 2007

Þann 1. janúar nk eiga laun að hækka sem hér segir:

Samningur SGS og SA; 2,90%

Samningur SGS við ríkissjóð; 2,90%

Samningur SGS og LN; 3,00%

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf í dagv
verður 125.000-

Hvalfjarðar-göngin

Félagið selur staka miða í göngin. Verð á miðunum mun hækka frá og með næstu áramótum og verða þeir seldir á 600 kr stykkið.



Furulundur 10d, Akureyri

Síðustu ár hefur íbúðin okkar á Akureyri verið leigð út á veturna til skólafólks. Það mun ekki verða í vetur, og er því hægt að leigja sér helgar, eða vikuleigu fyrir norðan



Að lokum vill Verkalýðsfélagið óska félagsmönnum sínum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

**Jólakveðja,
starfsfólk Vlf.Suðurlands**

Verkalýðsfélagið hefur tekið í notkun ný netföng en

aðalnetfangið er vs@vlfs.is

Ný netföng starfsmanna eru:

Már Guðnason, formaður ; mar@vlfs.is

Tryggvi Ástþórsson, varaform; tryggvi@vlfs.is

Guðrún Elín Pálsdóttir, starfsm; gudrun@vlfs.is



Verkalýðsfélag Suðurlands
Suðurlandsvegi 3, 850 Hella
Sími: 487-5000, Fax: 487-5003

Veffang: www.vlfs.is,

Netfang: vs@vlfs.is